



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

1. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 13:00 föstudaginn 13. maí 2022, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

### Dagskrá

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Erindisbréf stjórnar
- Önnur mál

### [Stjórn skiptir með sér verkum](#)

Katrín Sigurðardóttir býður sig fram til formanns stjórnar og er það samþykkt samhljóða. Stjórn sammælist um að Guðmundur Fannar Vigfússon verði varaformaður. Nejra Mesetovic verður áfram ritari stjórnar.

### [Erindisbréf stjórnar](#)

Framkvæmdastjóri leggur fyrir erindisbréf fyrri stjórnar og voru helstu atriði rædd þegar kemur að fyrirkomulagi funda og hlutverkum stjórnar. Rætt sérstaklega um staðfestingu á fundargerðum, stjórn samþykkir að fundargerðir verði sendar út og ef ekki berast athugasemdir innan 3 daga þá teljast þær samþykktar. Æskilegt er að stjórnarmenn staðfesti með tölvupósti séu þeir samþykkir.

Framkvæmdastjóri ræðir fundafyrirkomulag stjórnar fyrir komandi ár. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og áður þar sem stjórn fundar fyrsta mánudag í mánuði, í flestum tilfellum fjarfundir en stefnt að því að hittast 2-3 yfir tímabilið ef aðstæður leyfa. Fjarfundir miðast við eina og hálf klukkustund en þegar fólk getur komið saman og hægt að halda fundi á staðnum þá miðist þeir við tvær og hálf klukkustund. Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja upp dagskrá og boða stjórnarfundum líkt og verið hefur. Þá hefur framkvæmdastjóri umboð stjórnar til minni fjarhagslegra skuldbindinga fyrir hönd félagsins líkt og áður. Einnig var rætt um greiðslur fyrir stjórnarfundum, sem var samþykkt á aðalfundi.

## Önnur mál

Rætt var um að framkvæmdastjóri verður í leyfi júní, júlí og ágúst.

Næsti fundur verður mánudaginn 5. september 2011, kl. 10.

Fundi slitið kl. 13:30.